

## AUGLÝSING

### um alþjóðasamning um vernd nýrra yrkja.

Hinn 3. apríl 2006 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasambands um vernd nýrra yrkja afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um vernd nýrra yrkja frá 2. desember 1961, eins og honum var breytt í Genf 10. nóvember 1972, 23. október 1978 og 19. mars 1991. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 3. maí 2006.

Sama dag var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasambands um vernd nýrra yrkja afhent yfirlýsing Íslands samkvæmt ii-lið 1. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 3. gr. samningsins þar sem fram kemur að Ísland beiti ákvæðum samningsins gagnvart öllum ættkvíslum og tegundum plantna.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2006.*

**Geir H. Haarde.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

#### ALÞJÓÐASAMNINGUR

##### um vernd nýrra yrkja

(frá 2. desember 1961, eins og honum var breytt í Genf 10. nóvember 1972, 23. október 1978 og 19. mars 1991).

#### I. KAFLI

##### Skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í gjörningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- i) „samningur þessi“ merkir: þennan gjörning (1991) um alþjóðasamning um vernd nýrra yrkja;
- ii) „gjörningur frá 1961/1972“ merkir alþjóðasamning um vernd nýrra yrkja frá 2. desember 1961 með áorðnum breytingum samkvæmt viðbótargjörningi frá 10. nóvember 1972;
- iii) „gjörningur frá 1978“ merkir gjörning frá 23. október 1978 um alþjóðasamning um vernd nýrra yrkja;
- iv) „yrkishafi“ merkir:
  - aðila sem ræktaði eða uppgötvaði og þróaði yrki,
  - aðila sem er vinnuveitandi fyrrnefnds aðila eða hefur veitt heimild fyrir starfi þess síðarnefnda, kveði lög viðkomandi samningsaðila á um slíkt, eða
  - síðari handhafi réttinda fyrri eða síðari aðila sem fyrr er getið, eftir atvikum;
- v) „yrkisréttur“ merkir rétt yrkishafa sem kveðið er á um í samningi þessum;
- vi) „yrki“ merkir plöntuflokk innan stakrar deildar grasafraðinnar sem er neðst sett svo vitað sé, en flokkun þess er unnt, án tillits til þess hvort skilyrðum um veitingu yrkisréttar er fullnægt að öllu leyti eða ekki:
  - að skilgreina með ummerkjum þeirra einkenna sem eigna má tiltekinni arfgerð eða samsetningu arfgerða,
  - að greina frá öðrum plöntuflokkum með ummerkjum, a.m.k. eins fyrrnefndra einkenna, og
  - að líta á sem einingu með tilliti til hæfis þess til þess að verða fjölgað án þess að það breytist;
- vii) „samningsaðili“ merkir ríki eða milliríkjastofnun sem er aðili að samningi þessum;

- viii) „landsvæði“ merkir, að því er varðar samningsaðila og sé samningsaðilinn ríki, landsvæði þess ríkis og, sé samningsaðilinn milliríkjastofnun, landsvæði það sem stofnsamningur hennar nær til;
- ix) „yfirvald“ merkir yfirvaldið sem um getur í ii-lið 1. mgr. 30 gr.;
- x) „sambandið“ merkir Alþjóðasamband um vernd nýrra yrkja sem var stofnað með gjörningnum frá 1961 og ennfremur er getið í gjörningnum frá 1972, gjörningnum frá 1978 og samningi þessum;
- xi) „aðili að sambandinu“ merkir aðildarríki að gjörningnum frá 1961/1972 eða gjörningnum frá 1978 eða samningsaðila.

## II. KAFLI

### Almennar skuldbindingar samningsaðila.

#### 2. gr.

##### *Grundvallarskuldbindingar samningsaðila.*

Sérhver samningsaðili skal veita og vernda yrkisrétt.

#### 3. gr.

##### *Ættkvíslir og tegundir sem vernda á.*

1. [*Ríki sem eru þegar aðilar að sambandinu.*]  
Sérhver samningsaðili, sem er bundinn af gjörningnum frá 1961/1972 eða gjörningnum frá 1978, skal beita ákvæðum samnings þessa:
  - i) þann dag er samningur þessi öðlast gildi gagnvart honum, gagnvart öllum ættkvíslum og tegundum plantna sem samningurinn gildir um, þann sama dag, ákvæðum gjörningsins frá 1961/1972 eða gjörningsins frá 1978 og,
  - ii) eigi síðar en fimm ár eru liðin frá fyrrnefndum degi, gagnvart öllum ættkvíslum og tegundum plantna.
2. [*Nýir aðilar að sambandinu.*]  
Sérhver samningsaðili, sem er ekki bundinn af gjörningnum frá 1961/1972 eða gjörningnum frá 1978, skal beita ákvæðum samnings þessa:
  - i) þann dag er samningur þessi öðlast gildi gagnvart honum, gagnvart a.m.k. 15 ættkvíslum og tegundir plantna og,
  - ii) eigi síðar en tíu ár eru liðin frá fyrrnefndum degi, gagnvart öllum ættkvíslum og tegundum plantna.

#### 4. gr.

##### *Innlend meðferð.*

1. [*Meðferð.*]  
Ríkisborgarar samningsaðila skulu, ásamt einstaklingum með búsetu og lögaðilum með skráða skrifstofu á landsvæði samningsaðila, njóta, með fyrirvara um þann rétt sem er tilgreindur í samningi þessum og að því er varðar veitingu og vernd yrkisréttar, sömu kjara á landsvæði sérhvers annars samningsaðila og sérhver slíkur annar samningsaðili veitir eða kann að veita, hér eftir og samkvæmt landslögum sínum, eigin ríkisborgurum, að því tilskildu að fyrrnefndir ríkisborgarar, einstaklingar eða lögaðilar uppfylli sömu skilyrði og formkröfur og ríkisborgurum fyrrnefnds annars samningsaðila ber að gera.
2. [*„Ríkisborgarar“.*]  
Í undanfarandi málsgrein merkir „ríkisborgarar“, sé hlutaðeigandi samningsaðili ríki, ríkisborgara þess og, sé hlutaðeigandi samningsaðili milliríkjastofnun, ríkisborgara þeirra ríkja sem eiga aðild að viðkomandi stofnun.

### III. KAFLI Skilyrði fyrir veitingu yrkisréttar.

#### 5. gr.

##### *Verndarskilyrði.*

1. [*Viðmiðanir sem ber að uppfylla.*]

Yrkisrétt skal veita sé yrki:

- i) nýtt,
- ii) sérstætt,
- iii) einsleitt, og
- iv) stöðugt.

2. [*Önnur skilyrði.*]

Eigi skal setja frekari eða annars konar skilyrði fyrir veitingu yrkisréttar, að því tilskildu að yrkið beri heiti í samræmi við ákvæði 20. gr., umsækjandi uppfylli þær formkröfur sem lög samningsaðilans, þar sem yfirvaldið er sem veitti umsókninni viðtöku, kveða á um og hann greiði tilskilin gjöld.

#### 6. gr.

##### *Nýjung.*

1. [*Viðmiðanir.*]

Yrki telst nýtt hafi yrkishafi, þann dag er umsókn um yrkisrétt er lögð fram, hvorki selt efnivið til fjölgunar þess eða uppskeru af yrki né ráðstafað með öðrum hætti til annarra eða samþykkt slíkt í því skyni að yrkið verði hagnýtt:

- i) á landsvæði samningsaðilans þar sem umsóknin hefur verið lögð fram meira en einu ári fyrir þann dag er fyrir greinir, og
- ii) á öðru landsvæði en samningsaðilans þar sem umsóknin hefur verið lögð fram meira en fjórum árum eða, þegar um ræðir tré eða vínvið, meira en sex árum fyrir þann dag er fyrir greinir.

2. [*Nýmyndað yrki.*]

Þegar samningsaðili beitir samningi þessum gagnvart ættkvísl eða tegund plöntu, sem hann hafði ekki beitt samningi þessum eða fyrri gjörningi áður gagnvart, getur hann litið svo á að nýmyndað yrki, sem var til daginn sem vernd var þannig rýmkuð, fullnægi skilyrðinu um nýjung, sem er skilgreint í 1. mgr., jafnvel þótt salan eða ráðstöfunin til annarra, sem er lýst í þeirri málsgrein, hafi átt sér stað fyrir þau tímamörk sem eru skilgreind í fyrrnefndri málsgrein.

3. [*„Landsvæði“ í ákveðnum tilvikum.*]

Allir samningsaðilar, sem eru aðildarríki að einni og sömu milliríkjastofnuninni, geta, með tilliti til 1. mgr., unnið saman, kveði reglur þeirrar stofnunar á um slíkt, að því að samlaga gjörninga, sem gengið hefur verið frá á landsvæðum aðildarríkja fyrrnefndrar stofnunar, gjörningum, sem gengið hefur verið frá á þeirra eigin landsvæðum, og, geri þeir það, skulu þeir tilkynna aðalframkvæmdastjóranum þar um.

#### 7. gr.

##### *Sérstæði.*

Yrki telst sérstætt sé unnt að greina það með skýrum hætti frá öðrum yrkjum sem almennt er vitað um á umsóknardegi. Einkum skal líta svo á að með umsókn um yrkisrétt eða færslu annars yrkis í opinbera yrkisréttarskrá, í hvaða landi sem er, hljóti fyrrnefnefnt annað yrki stöðu yrkis, sem almennt er vitað um, frá umsóknardegi að telja, enda leiði umsóknin til yrkisréttar eða færslu fyrrnefnds annars yrkis í opinberu yrkisréttarskrána, eftir því sem við á.

#### 8. gr.

##### *Einsleitni.*

Yrki telst einsleitt sé það nægilega einsleitt að því er viðeigandi eiginleika varðar, með fyrirvara um þá fjölbreytni sem gera má ráð fyrir með tilliti til sérstæðra fjölgunarhátta þess.

## 9. gr.

*Stöðugleiki.*

Yrki telst stöðugt haldist viðeigandi eiginleikar þess óbreyttir eftir endurtekna fjölgun eða, sé um einstaka fjölgunarhringrás að ræða, í lok hverrar slíkrar hringrásar.

## IV. KAFLI

## Umsóknir um yrkisrétt.

## 10. gr.

*Framlagning umsókna.*

1. [*Hvar ber að skila fyrstu umsókn.*]  
Yrkishafa er heimilt að velja þann samningsaðila þar sem hann óskar að leggja fram fyrstu umsókn sína um yrkisrétt hjá viðkomandi yfirvaldi.
2. [*Hvenær leggja má fram umsóknir síðar meir.*]  
Yrkishafa er heimilt að leggja fram umsókn um yrkisrétt hjá yfirvöldum annarra samningsaðila án þess að biðja eftir því að yfirvald samningsaðilans, þar sem hann lagði fram fyrstu umsóknina, veiti honum yrkisrétt.
3. [*Óháð vernd.*]  
Enginn samningsaðili má neita að veita yrkisrétt eða takmarka gildistíma hans af þeirri ástæðu að ekki hafi verið sótt um vernd fyrir sama yrki, neitað hafi verið um hana eða hún hafi fallið úr gildi í öðru ríki eða milliríkjastofnun.

## 11. gr.

*Forgangsréttur.*

1. [*Rétturinn; gildistími hans.*]  
Yrkishafi, sem sótt hefur með tilhlýðilegum hætti um yrkisvernd hjá einum samningsaðila („fyrsta umsókn“), skal njóta forgangsréttar um tólf mánaða skeið að því er varðar umsókn um yrkisrétt fyrir sama yrki hjá yfirvaldi annars samningsaðila („síðari umsókn“). Tímabilið er talið frá þeim degi er fyrsta umsókn er lögð fram. Umsóknardagur telst ekki til síðara tímabilsins.
2. [*Krafa um rétt.*]  
Yrkishafi skal, í síðari umsókn og í því skyni að njóta forgangsréttar, gera kröfu um forgangsrétt með tilliti til fyrstu umsóknar. Yfirvaldið, sem veitir síðari umsókninni viðtöku, getur krafist þess að yrkishafi láti í té, innan minnst þriggja mánaða frá þeim degi er síðari umsókn er lögð fram, afrit af skjölum fyrstu umsóknar, sem yfirvaldið, sem tók við þeirri umsókn, staðfestir, ásamt sýnishornum eða öðrum vitnisburði um að yrkið, sem sótt er um vegna í báðum tilvikum, sé eitt og hið sama.
3. [*Skjöl og efni.*]  
Yrkishafi hefur tvö ár frá því að forgangsréttartímabilinu lýkur eða, hafi fyrstu umsókn verið hafnað eða hún dregin til baka, hæfilegan tíma frá slíkri höfnun eða afturköllun til þess að láta yfirvaldi þess samningsaðila, þar sem hann hefur lagt síðari umsókn sína fram, í té allar nauðsynlegar upplýsingar, skjöl eða efni vegna rannsóknarinnar skv. 12. gr., eins og lög þess samningsaðila kveða á um.
4. [*Atvik sem eiga sér stað á tímabilinu.*]  
Atvik, sem eiga sér stað á tímabilinu sem kveðið er á um í 1. mgr., t.d. framlagning annarrar umsóknar eða birting eða notkun yrkisins sem fyrsta umsóknin fjallar um, teljast ekki tilefni til þess að hafna síðari umsókn. Fyrirnefnd atvik eru enn fremur ekki forsenda fyrir rétti þriðja aðila.

## 12. gr.

*Umsókn yfirfarin.*

Áður en ákveðið er að veita yrkisrétt skal kanna hvort skilyrðum 5. til 9. gr. sé fullnægt. Meðan rannsókn stendur yfir getur viðkomandi yfirvald ræktað yrkið eða gert aðrar nauðsynlegar prófanir, látið rækta yrkið eða gera aðrar nauðsynlegar prófanir eða tekið til greina niðurstöður

ræktunarprófana eða annarra tilrauna sem þegar hafa verið gerðar. Yfirvaldið getur krafist þess að yrkishafi láti í té allar nauðsynlegar upplýsingar, skjöl eða efni vegna rannsóknarinnar.

## 13. gr.

*Vernd til bráðabirgða.*

Sérhver samningsaðili skal gera ráðstafanir til verndar hagsmunum yrkishafa á þeim tíma sem liður frá því að umsókn um yrkisrétt er lögð fram, eða tilkynnt er um hana, til þess að rétturinn er veittur. Ráðstafanirnar skulu tryggja að yrkishafi eigi a.m.k. rétt á hæfilegu endurgjaldi frá þeim aðila sem hefur, á fyrrnefndu tímabili, gert eitthvað það sem, að fengnum réttinum, krefst samþykkis yrkishafans, eins og kveðið er á um í 14. gr. Samningsaðila er heimilt að kveða á um að fyrrnefndar ráðstafanir taki einungis gildi gagnvart aðilum sem yrkishafi hefur tilkynnt um að umsóknin hafi verið lögð fram.

**V. KAFLI**  
**Yrkisréttur.**

## 14. gr.

*Gildissvið yrkisréttar.*

1. [*Aðgerðir með tilliti til efniviðar til fjölgunar.*]
  - a) Með fyrirvara um 15. og 16. gr. eru eftirtaldar aðgerðir óheimilar, með tilliti til efniviðar verndaðs yrkis til fjölgunar, án samþykkis yrkishafa:
    - i) framleiðsla eða æxlun (fjölföldun),
    - ii) meðferð með tilliti til fjölgunar,
    - iii) að bjóða til sölu,
    - iv) sala eða markaðsetning með öðrum hætti,
    - v) útflutningur,
    - vi) innflutningur,
    - vii) að halda birgðir í þeim tilgangi sem greint er frá í i- til vi-lið hér að framan.
  - b) Yrkishafi getur bundið samþykki sitt skilyrðum og takmörkunum.
2. [*Aðgerðir með tilliti til uppskeru af yrki.*]
 

Með fyrirvara um 15. og 16. gr. eru aðgerðirnar, sem um getur í i- til vii-lið a-liðar 1. mgr. og tengjast uppskeru af yrki, meðal annars heilum plöntum og plöntuhlutum, sem er fengin með óheimilaðri notkun fjölgunarefnis af hinu verndaða yrki, óheimilar án samþykkis yrkishafa, nema yrkishafi hafi haft eðlileg tök á að nota rétt sinn með tilliti til fyrrnefnds fjölgunarefnis.
3. [*Aðgerðir með tilliti til tiltekinna afurða.*]
 

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að kveða á um að með fyrirvara um 15. og 16. gr. séu aðgerðirnar, sem um getur í i- til vii-lið a-liðar 1. mgr. og tengjast afurðum unnum beint úr uppskeru af hinu verndaða yrki, sem fellur undir ákvæði 2. mgr., með óheimilaðri notkun fyrrnefndrar uppskeru af yrki, óheimilar án samþykkis yrkishafa, nema yrkishafi hafi haft eðlileg tök á að nota rétt sinn með tilliti til fyrrnefndrar uppskeru af yrki.
4. [*Aðrar hugsanlegar aðgerðir.*]
 

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að kveða á um að með fyrirvara um 15. og 16. gr. séu aðgerðir, aðrar en þær sem um getur í i- til vii-lið a-liðar 1. mgr., einnig óheimilar án samþykkis yrkishafa.
5. [*Yrki sem eru komin í aðalatriðum af öðrum yrkjum og tiltekin önnur yrki.*]
  - a) Ákvæði 1. til 4. mgr. gilda einnig um:
    - i) yrki sem eru komin í aðalatriðum af hinu verndaða yrki, þar sem hið verndaða yrki er ekki sjálft komið í aðalatriðum af öðru yrki,
    - ii) yrki sem ekki er unnt að greina með skýrum hætti, í samræmi við 7. gr., frá hinu verndaða yrki, og
    - iii) yrki sem ekki er unnt að framleiða nema með endurtekinni notkun hins verndaða yrkis.
  - b) Að því er varðar i-lið a-liðar telst yrki komið í aðalatriðum af öðru yrki („upphafsyrkinu“) þegar:
    - i) það er mestmegnis komið af upphafsyrkinu, eða af yrki sem sjálft er mestmegnis komið

- af upphafsyrkinu, og varðveitir merki um megineinkenni sem eigna má arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins,
- ii) unnt er að greina það með skýrum hætti frá upphafsyrkinu, og
  - iii) það samsvarar, að frátöldum þeim mismun sem felst í afleiðumynduninni, upphafsyrkinu hvað varðar merki um megineinkenni sem eigna má arfgerð eða samsetningu arfgerða upphafsyrkisins.
- c) Heimilt er að kalla fram yrki, sem er komið í aðalatriðum af öðru yrki, til dæmis með því að velja náttúrlegt eða framkallað stökkbrigði eða líkamseinræktað afbrigði, með því að velja einstakling sem er frábrugðinn plöntum af upphafsyrkinu, með bakæxlun eða umbreytingu með aðferðum erfðatækninnar.

## 15. gr.

*Undanþágur frá yrkisrétti.*

1. [Lögboðnar undanþágur.]  
Undanþegnar yrkisrétti eru:
  - i) aðgerðir í einkaþágu sem tengjast ekki viðskiptum,
  - ii) aðgerðir í tilraunaskyni, og
  - iii) aðgerðir í því skyni að kynbæta önnur yrki og, nema þegar ákvæði 5. mgr. 14. gr. gilda, aðgerðir, sem um getur í 1. til 4. mgr. 14. gr., þegar um ræðir fyrrnefnd önnur yrki.
2. [Valfrjáls undanþága.]  
Sérhverjum samningsaðila er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 14. gr., innan eðlilegra marka og með fyrirvara um að réttmætir hagsmunir yrkishafans séu tryggðir, að takmarka rétt yrkishafa, með tilliti til hvaða yrkis sem er, í því skyni að gera bændum kleift að nota, til fjölgunar og á eigin bújörð, afurðir uppskeru eftir útplöntun hins verndaða yrkis á eigin bújörðum eða yrkis sem i- eða ii-liður a-liðar 5. mgr. 14. gr. fjallar um.

## 16. gr.

*Fullnustunot yrkisréttar.*

1. [Fullnustunot réttar.]  
Yrkisréttur nær ekki til aðgerða sem tengjast efniviði hins verndaða yrkis, eða yrkis sem ákvæði 5. mgr. 14. gr. fjalla um, sem yrkishafinn hefur selt eða markaðssett með öðrum hætti eða hefur verið seldur eða markaðssettur með samþykki hans á landsvæði viðkomandi samningsaðila eða efniviði sem er kominn af fyrrnefndum efniviði, nema slíkar aðgerðir:
  - i) feli í sér frekari fjölgun yrkisins sem um ræðir, eða
  - ii) feli í sér útflutning á efniviði yrkisins, sem gerir kleift að fjölga því, til lands þar sem yrkisvernd nær ekki til yrkja af þeirri attkvísl eða tegund plöntu sem yrkið er af, nema um sé að ræða útflutning til neyslu.
2. [Skilgreining á „efniviði“.]  
Í 1. mgr. merkir „efniviður“, með tilliti til yrkis:
  - i) hvers kyns efnivið til fjölgunar,
  - ii) uppskorinn efnivið, meðal annars heilar plöntur og plöntuhluta, og
  - iii) allar afurðir unnar beint úr uppskorna efniviðinum.
3. [„Landsvæði“ í ákveðnum tilvikum.]  
Allir samningsaðilar, sem eru aðildarríki að einni og sömu milliríkjastofnuninni, geta, með tilliti til 1. mgr., unnið saman, kveði reglur þeirrar stofnunar á um slíkt, að því að samlaga gjörninga, sem gengið hefur verið frá á landsvæðum aðildarríkja fyrrnefndrar stofnunar, gjörningum, sem gengið hefur verið frá á þeirra eigin landsvæðum, og, geri þeir það, skulu þeir tilkynna aðalframkvæmdastjóranum þar um.

## 17. gr.

*Takmarkanir á notkun yrkisréttar.*

1. [Almannahagsmunir:]  
Samningsaðilum er óheimilt að takmarka frjálsa notkun yrkisréttar nema almannahagsmunir krefjist þess, að því undanskildu að skýrt sé kveðið á um annað í samningi þessum.

## 2. [Hæfilegt endurgjald.]

Verði fyrrnefnd takmörkun til þess að heimila þriðja aðila aðgerðir, sem samþykki yrkishafa þarf til, ber hlutaðeigandi samningsaðila að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja yrkishafa hæfilegt endurgjald.

## 18. gr.

*Ráðstafanir til að hafa stjórn á verslun.*

Yrkisréttur er óháður hverjum þeim ráðstöfunum sem samningsaðili gerir á landsvæði sínu til þess að hafa stjórn á framleiðslu, vottun og markaðssetningu efniviðs yrkja eða inn- eða útflutningi þess konar efniviðar. Slíkar ráðstafanir skulu, hvað sem öðru líður, ekki hafa áhrif á beitingu ákvæða samnings þessa.

## 19. gr.

*Gildistími yrkisréttar.*

## 1. [Verndartími.]

Yrkisréttur er veittur í tiltekinn tíma.

## 2. [Lágmarkstími.]

Tímabilið, sem fyrr greinir, skal eigi vera styttra en 20 ár frá þeim degi að yrkisréttur er veittur. Að því er varðar tré og vínvið skal fyrrnefnt tímabil eigi vera styttra en 25 ár frá fyrrgreindum degi.

**VI. KAFLI****Yrkisheiti.**

## 20. gr.

*Yrkisheiti.*

## 1. [Auðkenning yrkja með yrkisheiti; notkun yrkisheitis.]

a) Yrki skal auðkenna með yrkisheiti sem jafnframt verður almennt heiti þess.

b) Sérhver samningsaðili skal sjá til þess, með fyrirvara um 4. mgr., að enginn réttur samfara auðkenningu, sem er skráð sem yrkisheiti, geti hindrað frjálsa notkun heitisins í tengslum við yrkið, jafnvel eftir að gildistími yrkisréttar er útrunninn.

## 2. [Einkenni yrkisheitis.]

Yrkisheiti skal gera kleift að bera kennsl á yrki. Það skal ekki samanstanda af tölustöfum einvörðungu, nema slíkt sé viðtekin venja við að auðkenna yrki. Það skal ekki vera villandi eða til þess fallið að valda ruglingi um einkenni, gildi eða kenni yrkisins eða kenni yrkishafans. Það skal einkum vera frábrugðið öllum yrkisheitum sem auðkenna yrki af sömu eða náskyldri plöntutegund sem fyrir er á landsvæði samningsaðilanna.

## 3. [Skráning yrkisheitis.]

Yrkishafi skal koma yrkisheitinu á framfæri við yfirvaldið. Komi í ljós að yrkisheitið fullnægi ekki kröfum 2. mgr. skal yfirvaldið neita að skrá það og krefjast þess að yrkishafi leggi til annað yrkisheiti innan tiltekins frests. Yfirvaldið skal skrá yrkisheitið jafnhliða því að yrkisréttur er veittur.

## 4. [Eldri réttur þriðju aðila.]

Eldri réttur þriðju aðila skal standa óhaggaður. Geri eldri réttur að verkum að notkun yrkisheitis sé óheimil aðila, sem ber skylda til að nota það í samræmi við ákvæði 7. mgr., skal yfirvaldið krefjast þess að yrkishafinn leggi fram nýtt yrkisheiti.

## 5. [Sama yrkisheiti hjá öllum samningsaðilum.]

Yrki skal leggja fram hjá öllum samningsaðilum undir sama heiti. Yfirvald hvers samningsaðila skráir heitið, sem lagt er fram með þeim hætti, nema það telji heitið ónothæft á landsvæði sínu. Í síðara tilvikinu skal yfirvaldið krefjast þess að yrkishafi leggi fram nýtt yrkisheiti.

## 6. [Upplýsingaskipti milli yfirvalda samningsaðila.]

Yfirvaldi samningsaðila ber að sjá til þess að yfirvöld allra annarra samningsaðila séu upplýst um mál er varða yrkisheiti, einkum framlagningu, skráningu og ógildingu þeirra. Sérhvert yfirvald getur komið athugasemdum sínum um skráningu yrkisheitis, ef einhverjar eru, á framfæri við yfirvaldið sem tilkynnti um það.

7. [*Skylda til að nota yrkisheiti.*]  
Sérhverjum aðila, sem á landsvæði eins samningsaðila býður til sölu eða markaðssetur efnivið til fjölgunar af yrki sem nýtur verndar á fyrrnefndu svæði, ber skylda til að nota heiti þess yrkis, jafnvel eftir að yrkisréttur er niður fallinn með tilliti til þess, nema að eldri réttur komi í veg fyrir slíka notkun í samræmi við ákvæði 4. mgr.
8. [*Auðkenni notuð í tengslum við yrkisheiti.*]  
Þegar yrki er boðið til sölu eða markaðssett skal heimilt að tengja vörumerki, viðskiptaheiti eða annað sambærilegt auðkenni skráðu yrkisheiti. Sé slíkt auðkenni tengt með fyrrgreindum hætti skal yrkisheitið, engu að síður, vera auðþekjanlegt.

## VII. KAFLI Ógilding og afnám yrkisréttar.

### 21. gr.

#### *Ógilding yrkisréttar.*

- 1) [*Ástæður ógildingar.*]  
Sérhverjum samningsaðila ber að ógilda yrkisrétt, sem hann hefur veitt, þegar sannað þykir:
- i) að þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í 6. eða 7. gr., hafi ekki verið fullnægt þegar yrkisrétturinn var veittur,
  - ii) að í þeim tilvikum er yrkisréttur var veittur mestmegnis á grunni upplýsinga og skjala, sem yrkishafi lét í té, hafi skilyrðum, sem mælt er fyrir um í 8. eða 9. gr., ekki verið fullnægt þegar yrkisrétturinn var veittur, eða
  - iii) að yrkisréttur hafi verið veittur aðila sem á ekki rétt til hans, nema hann sé yfirfærður til þess aðila sem ber slíkur réttur.
2. [*Útilokun af öðrum ástæðum.*]  
Eigi skal ógilda yrkisrétt af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í 1. mgr.

### 22. gr.

#### *Afnám yrkisréttar.*

1. [*Ástæður afnáms.*]  
a) Sérhverjum samningsaðila er heimilt að afnema yrkisrétt, sem hann hefur veitt, þygi sannað að þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í 8. eða 9. gr., sé ekki lengur fullnægt.  
b) Enn fremur er sérhverjum samningsaðila heimilt að afnema yrkisrétt, sem hann hefur veitt, ef, að framkominni beiðni þar um og innan tilskilins frests:
- i) yrkishafinn lætur yfirvaldinu ekki í té upplýsingar, skjöl eða efni sem eru talin nauðsynleg til þess að færa sönnur á að yrkinu hafi verið haldið við,
  - ii) yrkishafinn lætur hjá líða að greiða gjöld sem honum ber hugsanlega að greiða til þess að viðhalda rétti sínum, eða
  - iii) yrkishafinn leggur ekki fram nýtt nothæft yrkisheiti sé heiti yrkisins numið úr gildi eftir að yrkisréttur hefur verið veittur.
2. [*Útilokun af öðrum ástæðum.*]  
Eigi skal afnema yrkisrétt af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í 1. mgr.

## VIII. KAFLI Sambandið.

### 23. gr.

#### *Aðilar.*

Samningsaðilar skulu eiga aðild að sambandinu.

### 24. gr.

#### *Réttarstaða og aðsetur.*

1. [*Lögformleg staða.*]  
Sambandið skal hafa réttarstöðu lögpersónu.



2. [*Gerhæfi.*]  
Sambandið nýtur þess gerhæfis, á landsvæði sérhvers samningsaðila og í samræmi við gildandi lög á því landsvæði, sem kann að vera nauðsynlegt til þess að það geti náð markmiðum sínum og sinnt hlutverki sínu.
3. [*Aðsetur.*]  
Aðsetur sambandsins og fastra stofnana þess er í Genf.
4. [*Samningur um höfuðstöðvar.*]  
Sambandið hefur samning um höfuðstöðvar við ríkjasambandið Sviss.

25. gr.

*Stofnanir.*

Fastar stofnanir sambandsins eru ráð þess og skrifstofa.

26. gr.

*Ráðið.*

1. [*Skipan.*]  
Ráðið skal skipað fulltrúum aðila að sambandinu. Sérhver sambandsaðili tilnefnir einn fulltrúa í ráðið og einn til vara. Fulltrúum eða varamönnum er heimilt að hafa með sér aðstoðarmenn eða ráðgjafa.
2. [*Yfirmenn.*]  
Ráðið kys forseta og fyrsta varaforseta úr sínum hópi. Því er og heimilt að kjósa fleiri varaforseta. Fyrsti varaforseti er staðgengill forsetans í forföllum hans. Starfstímabil forsetans er þrjú ár.
3. [*Fundir.*]  
Forseti kallar ráðið saman. Halda ber reglulegan fund ráðsins árlega. Auk þess er forseta heimilt að kalla ráðið saman að eigin ákvörðun; hann skal kalla ráðið saman, innan þriggja mánaða, fari þriðjungur sambandsaðila fram á það.
4. [*Áheyrnarfulltrúar.*]  
Heimilt er að bjóða fulltrúum ríkja, sem eiga ekki aðild að sambandinu, að sækja fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúar. Þá er og heimilt að bjóða öðrum áheyrnarfulltrúum og sérfræðingum að sitja fundina.
5. [*Viðfangsefni.*]  
Viðfangsefni ráðsins eru sem hér segir:
  - i) að leita viðeigandi leiða til þess að tryggja hagsmunum sambandsins og stuðla að þróun þess,
  - ii) að setja sér starfsreglur,
  - iii) að tilnefna aðalframkvæmdastjóra og, ef þörf þykir, staðgengil aðalframkvæmdastjóra og ákveða ráðningarkjör þeirra,
  - iv) að yfirfara ársskýrslu um starfsemi sambandsins og semja áætlun um störf þess í framtíðinni,
  - v) að gefa aðalframkvæmdastjóranum nauðsynleg fyrirmæli um það hvernig leysa megi verkefni sambandsins,
  - vi) að setja reglur um stjórnslu og fjármál sambandsins,
  - vii) að yfirfara og samþykkja fjárhagsáætlun sambandsins og ákveða framlag sérhvers sambandsaðila,
  - viii) að yfirfara og samþykkja reikninga sem aðalframkvæmdastjórinn leggur fram,
  - ix) að ákveða stað og tíma þeirra ráðstefna, sem um getur í 38. gr., jafnframt því að gera nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir, og
  - x) að taka, almennt talað, allar nauðsynlegar ákvarðanir í því skyni að tryggja að starfsemi sambandsins fari fram með skilvirkum hætti.
6. [*Atkvæði.*]
  - a) Sérhver sambandsaðili, sem er ríki, fer með eitt atkvæði í ráðinu.
  - b) Sérhverjum samningsaðila, sem er milliríkjastofnun, er heimilt, í málum sem eru á valdsviði hans, að fara með atkvæði aðildarríkja sinna sem eru sambandsaðilar. Fyrirnefnd milliríkja-

stofnun skal þó ekki fara með atkvæði aðildarríkja sinna fari þau sjálf með atkvæði sitt og öfugt.

7. [Meirihluti.]

Ákvarðanir ráðsins eru teknar með einföldum meirihluta greiddra atkvæða, þó með því skilyrði að þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða þurfi til að samþykkja ákvarðanir ráðsins skv. ii-, vi- og vii-lið 5. mgr. og skv. 3. mgr. 28. gr., b-lið 5. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 38. gr. Hjáseta telst ekki til atkvæða.

27. gr.

*Skrifstofa sambandsins.*

1. [Verkefni og yfirstjórn skrifstofunnar.]

Skrifstofa sambandsins vinnur öll skyldustörf og verkefni sem ráðið felur henni. Stjórn skrifstofunnar er í höndum aðalframkvæmdastjórans.

2. [Skyldustörf aðalframkvæmdastjórans.]

Aðalframkvæmdastjórinn er ábyrgur gagnvart ráðinu; hann ber ábyrgð á því að framkvæma ákvarðanir ráðsins. Hann leggur fjárhagsáætlun sambandsins fyrir ráðið til samþykkis og ber ábyrgð á framkvæmd hennar. Hann gefur ráðinu skýrslur um stjórnun sína og starfsemi og um fjárhagsstöðu sambandsins.

3. [Starfslið.]

Kveða skal á um ráðningarskilmála og starfsskilyrði þess starfsliðs, sem er nauðsynlegt til þess að unnt sé að skila verkefnum skrifstofu sambandsins með skilvirkum hætti, í reglum um stjórnsýslu og fjármál sambandsins, með fyrirvara um ákvæði iii-liðar 5. mgr. 26. gr.

28. gr.

*Tungumál.*

1. [Tungumál skrifstofunnar.]

Skrifstofa sambandsins skal nota ensku, frönsku, spænsku og þýsku þegar skyldustörf eru unnin.

2. [Tungumál á tilteknum fundum.]

Fundir ráðsins og endurskoðunarráðstefnur skulu fara fram á fyrrnefndum fjórum tungumálum.

3. [Önnur tungumál.]

Ráðið getur ákveðið að nota önnur tungumál.

29. gr.

*Fjármál.*

1. [Tekjur.]

Sambandið skal mæta útgjöldum með:

- i) árlegum framlögum aðildarríkja sambandsins,
- ii) greiðslum fyrir veitta þjónustu, og
- iii) ýmsum tekjum.

2. [Framlög: einingar.]

a) Hlutdeild hvers aðildarríkis sambandsins í heildarfjárhæð árlegra framlaga er ákvörðuð með hliðsjón af þeim heildarútgjöldum sem mæta þarf af framlögum aðildarríkja sambandsins og með hliðsjón af fjölda framlagseininga þess skv. 3. mgr. Umrædd hlutdeild skal reiknuð út í samræmi við 4. mgr.

b) Fjöldi framlagseininga skal gefinn upp í heilum tölum eða brotum, að því tilskildu að ekkert brot sé minna en einn fimmti.

3. [Framlög: hlutdeild hvers aðila.]

a) Fjöldi framlagseininga hvers sambandsaðila, sem er aðili að gjörningnum frá 1961/1972 eða gjörningnum frá 1978 þann dag er hann verður bundinn af samningi þessum, skal vera sá fjöldi sem gildir fyrir hann daginn fyrir fyrrnefndan dag.

b) Þegar önnur ríki gerast aðilar að sambandinu skulu þau, samhliða aðild að sambandinu og með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjórans, gefa til kynna fjölda framlagseininga sinna.

- c) Sérhverju aðildarríki sambandsins er heimilt, hvenær sem er og með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjórnans, að tilgreina fjölda framlagseininga sem vikur frá þeim fjölda sem gildir um það skv. a- eða b-lið. Sé slík yfirlýsing gefin á fyrra helmingi almanaksársins tekur hún gildi frá og með byrjun næsta almanaksárs; að öðrum kosti tekur hún gildi frá og með byrjun annars almanaksárs eftir árið er yfirlýsingin var gefin.
4. [*Framlög: útreikningur hlutdeildar.*]  
 a) Við gerð hvernar fjárhagsáætlunar skal reikna út þá fjárhæð, sem svarar til einnar framlagseiningar, með því að deila í heildarfjárhæð útgjalda, sem mæta þarf af framlögum aðildarríkja sambandsins á því tímabili sem fjárhagsáætlunin gildir fyrir, með samanlögðum fjölda eininga sömu aðildarríkja.  
 b) Reikna skal út fjárhæð framlags sérhvers aðildarríkis sambandsins með því að margfalda þá fjárhæð, sem svarar til einnar framlagseiningar, með fjölda framlagseininga þess sama aðildarríkis.
5. [*Ógreidd framlög.*]  
 a) Með fyrirvara um b-lið er aðildarríki sambandsins, sem skuldar framlög, óheimilt að neyta atkvæðisréttar síns í ráðinu nemi skuldin jafnhárrí eða hærri fjárhæð en þeirri heildarfjárhæð sem því bar að greiða fyrir árið á undan. Tímabundin svipting atkvæðisréttar leysir ekki fyrirnefnt aðildarríki undan skuldbindingum sínum samkvæmt samningi þessum og þýðir ekki annan réttindamissi fyrir það samkvæmt honum.  
 b) Ráðið getur heimilað fyrirnefndu aðildarríki sambandsins að neyta áfram atkvæðisréttar síns ef, og svo fremi sem, það hefur fullvissað sig um að tafir á greiðslum megi rekja til sérstakra og óviðráðanlegra aðstæðna.
6. [*Endurskoðun reikninga.*]  
 Eitt aðildarríkja sambandsins skal endurskoða reikninga þess eins og kveðið er á um í reglum sambandsins um stjórnáslu og fjármál. Ráðið tilnefnir fyrirnefnt aðildarríki með fyrirvara um samþykki þess.
7. [*Framlög milliríkjastofnana.*]  
 Samningsaðilum, sem eru milliríkjastofnanir, ber ekki að greiða framlög. Kjósi slíkir samningsaðilar engu að síður að greiða framlög gilda ákvæði 1. til 4. mgr. þar um.

## IX. KAFLI

### Framkvæmd samningsins; aðrir samningar.

#### 30. gr.

##### *Framkvæmd samningsins.*

1. [*Ráðstafanir til framkvæmdar.*]  
 Sérhver samningsaðili skal samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar samningi þessum; einkum ber honum að:  
 i) kveða á um viðeigandi lagaúrræði til að unnt sé að framfylgja yrkisrétti með skilvirkum hætti;  
 ii) hafa yfirvald sem annast veitingu yrkisréttar eða fela yfirvaldi annars samningsaðila það verkefni;  
 iii) sjá til þess að almenningur fái vitneskju, með reglubundinni birtingu upplýsinga, um:  
 - umsóknir um yrkisrétt og veitingu hans, og  
 - yrkisheiti sem lögð eru fram og samþykkt.
2. [*Samræmi laga.*]  
 Sá skilningur ríkir að sérhvert ríki eða milliríkjastofnun sé í stöðu til þess, jafnhliða afhendingu skjala sinna um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, eftir því sem við á, að framfylgja ákvæðum samnings þessa í samræmi við lög sín.

## 31. gr.

*Tengsl samningsaðila við ríki sem eru bundin af fyrri gjörningum.*

1. [*Tengsl ríkja sem eru bundin af samningi þessum.*]  
Samningur þessi gildir einn um tengsl milli aðildarríkja sambandsins sem eru bundin bæði af samningi þessum og fyrri gjörningi samningsins.
2. [*Hugsanleg tengsl við ríki sem eru ekki bundin af samningi þessum.*]  
Sérhvert aðildarríki sambandsins, sem er óbundið af samningi þessum, getur lýst því yfir, í tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans, að það muni beita ákvæðum nýjasta gjörnings, sem það er bundið af, í samskiptum sínum við aðra sambandsaðila sem eru einungis bundnir af samningi þessum. Fyrirnefndur sambandsaðili skal, þegar einn mánuður er liðinn frá þeim degi er fyrirnefnd tilkynning er dagsett og þar til það aðildarríki sambandsins, sem gaf yfirlýsinguna, verður bundið af samningi þessum, beita ákvæðum nýjasta gjörnings, sem hann er bundinn af, í samskiptum sínum við sérhvern aðila sambandsins sem er einungis bundinn af samningi þessum, en síðarnefndi aðilinn skal beita ákvæðum samnings þessa gagnvart hinum fyrirnefnda.

## 32. gr.

*Sérsamningar.*

Sambandsaðilar áskilja sér rétt til þess að semja sérstaklega sín á milli um yrkisvernd, svo fremi sem slíkir samningar verði ekki í mótsögn við ákvæði samnings þessa.

## X. KAFLI Lokaákvæði.

## 33. gr.

*Undirritun.*

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja, sem eru sambandsaðilar, þann dag er hann er samþykktur. Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar til 31. mars 1992.

## 34. gr.

*Fullgilding, staðfesting eða samþykki; aðild.*

1. [*Ríki og tilteknar milliríkjastofnanir.*]
  - a) Öllum ríkjum er heimilt að gerast aðili að samningi þessum í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
  - b) Sérhverri milliríkjastofnun er heimilt að gerast aðili að samningi þessum í samræmi við ákvæði þessarar greinar, ef hún:
    - i) hefur valdsvið í málum sem samningur þessi fjallar um,
    - ii) hefur eigin reglur um veitingu og vernd yrkisréttar sem eru bindandi fyrir öll aðildarríki hennar; og
    - iii) hefur fengið tilskilda heimild, í samræmi við innri verklagsreglur sínar, til þess að gerast aðili að samningi þessum.
2. [*Aðildarskjal.*]  
Ríki, sem hefur undirritað samning þennan, verður aðili að honum með því að afhenda skjöl um fullgilding, staðfestingu eða samþykki hans til vörslu. Ríki, sem hefur ekki undirritað samning þennan, og milliríkjastofnanir geta orðið aðilar að samningi þessum með því að afhenda skjal um aðild að honum til vörslu. Skjöl um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu afhent aðalframkvæmdastjóranum til vörslu.
3. [*Ráðgjöf ráðsins.*]  
Sérhvert ríki, sem er ekki sambandsaðili, og milliríkjastofnanir skulu, áður en þau afhenda skjöl sín um aðild til vörslu, óska eftir ráðgjöf ráðsins um það hvort lög þeirra samræmist ákvæðum samnings þessa. Telji ráðið að svo sé er heimilt að afhenda skjöl um aðild til vörslu.

35. gr.  
*Fyrirvarar.*

1. [*Meginregla.*]  
Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr.
2. [*Hugsanleg undantekning.*]
  - a) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal sérhvert ríki, sem er aðili að gjörningnum frá 1978 þegar það gerist aðili að samningi þessum og hefur, að því er varðar yrki sem er fjölgað með kynlausri æxlun, ákvæði um vernd í formi einkaleyfistíls annars en yrkisréttar, eiga rétt á að viðhalda slíkum ákvæðum án þess að ákvæði samnings þessa komi til framkvæmda gagnvart fyrrnefndum yrkjum.
  - b) Sérhvert ríki, sem notar þennan rétt, skal tilkynna aðalframkvæmdastjóranum það um leið og það afhendir skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, eftir því sem við á. Fyrrnefndu ríki er hvenær sem er heimilt að draga tilkynninguna til baka.

36. gr.  
*Orðsendingar um löggjöf og þær ættkvíslir og tegundir sem njóta verndar; upplýsingar sem skal birta.*

1. [*Upphafleg tilkynning.*]  
Þegar ríki eða milliríkjastofnun, eftir atvikum, afhenda skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að samningi þessum til vörslu skulu þau tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um eftirfarandi:
  - i) löggjöf sína um yrkisrétt, og
  - ii) þá skrá yfir ættkvíslir og tegundir plantna sem þau munu beita ákvæðum samnings þessa gagnvart frá og með þeim degi sem það eða hún verður bundin af honum.
2. [*Tilkynning um breytingar.*]  
Sérhver samningsaðili skal tilkynna aðalframkvæmdastjóranum án tafar um:
  - i) hverja þá breytingu sem er gerð á löggjöf hans um yrkisrétt, og
  - ii) hverja þá rýmkun er varðar framkvæmd samnings þessa gagnvart viðbótarættkvíslum og -tegundum plantna.
3. [*Birting upplýsinganna.*]  
Aðalframkvæmdastjórinn skal, með hliðsjón af tilkynningum sem honum berast frá sérhverjum samningsaðila, birta upplýsingar um:
  - i) löggjöf um yrkisrétt og breytingar á slíkri löggjöf, og
  - ii) skrána yfir ættkvíslir og tegundir plantna, sem um getur í ii-lið 1. mgr., og sérhverja rýmkun sem um getur í ii-lið 2. mgr.

37. gr.  
*Gildistaka; lokafrestur til að gerast aðili að eldri gjörningum.*

1. [*Upphafleg gildistaka.*]  
Samningur þessi öðlast gildi einum mánuði eftir þann dag er fimm ríki hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, eftir því sem við á, að því tilskildu að ríki, sem eiga aðild að gjörningnum frá 1961/1972 eða gjörningnum frá 1978, hafi afhent a.m.k. þrjú fyrrnefndra skjala.
2. [*Síðari gildistaka.*]  
Sérhvert ríki, sem ekki er fjallað um í 1. mgr., eða milliríkjastofnanir skulu bundin af samningi þessum einum mánuði eftir þann dag er þau hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, eftir því sem við á.
3. [*Lokafrestur til að gerast aðili að gjörningnum frá 1978.*]  
Óheimilt er að afhenda skjöl um aðild að gjörningnum frá 1978 til vörslu eftir að samningur þessi öðlast gildi skv. 1. mgr., með þeirri undantekningu þó að sérhverju ríki, sem er talið til þróunarlanda samkvæmt viðtekinni venju á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, er heimilt að afhenda slíkt skjal til vörslu fram til 31. desember 1995 og að öllum öðrum ríkjum er heimilt að afhenda slíkt skjal til vörslu fram til 31. desember 1993, jafnvel þó samningur þessi öðlist gildi fyrir þann dag.

## 38. gr.

*Endurskoðun samningsins.*

1. [*Ráðstefna.*]  
Ráðstefnu sambandsaðila er heimilt að endurskoða samning þennan. Ráðið tekur ákvörðun um að boða til slíkrar ráðstefnu.
2. [*Ályktunarhæfi og meirihluti.*]  
Málsmeðferð ráðstefnunnar er því aðeins lögmæt að a.m.k. helmingur aðildarríkja sambandsins eigi þar fulltrúa. Til þess að breyting teljist samþykkt þarf atkvæði þriggja fjórðu hluta þeirra aðildarríkja sambandsins sem eiga fulltrúa á ráðstefnunni og greiða atkvæði.

## 39. gr.

*Uppsögn.*

1. [*Tilkynningar.*]  
Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja samningi þessum upp með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans þar um. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum sambandsaðilum, án tafar, um móttöku slíkrar tilkynningarinnar.
2. [*Fyrri gjörningar.*]  
Tilkynning um uppsögn samnings þessa telst einnig tilkynning um uppsögn sérhvers fyrri gjörnings sem samningsaðilinn, sem segir samningi þessum upp, er bundinn af.
3. [*Gildistaka uppsagnar.*]  
Uppsögnin tekur gildi í lok almanaksársins eftir árið þegar aðalframkvæmdastjórinn fékk tilkynninguna í hendur.
4. [*Áunnin réttindi.*]  
Uppsögn hefur ekki áhrif á réttindi í krafti samnings þessa eða fyrri gjörnings sem eru fölgin í yrki og áunnin fyrir þann dag er uppsögnin kemur til framkvæmda.

## 40. gr.

*Viðhald gildandi réttinda.*

Samningur þessi takmarkar ekki gildandi yrkisrétt samkvæmt lögum samningsaðila eða í krafti fyrri gjörnings eða annars samnings en samnings þessa sem sambandsaðilar hafa gert sín á milli.

## 41. gr.

*Frumrit og opinberir textar samningsins.*

1. [*Frumrit.*]  
Samningur þessi skal undirritaður í einu frumriti á ensku, frönsku og þýsku og skal franski textinn ráða ef ágreiningur rís um túlkun. Frumritið skal afhent aðalframkvæmdastjóranum til vörslu.
2. [*Opinberir textar.*]  
Aðalframkvæmdastjórinn skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi ríkisstjórnir, láta gera opinbera texta samnings þessa á arabísku, hollensku, ítölsku, japönsku og spænsku og öðrum þeim tungumálum sem ráðið kann að tiltaka.

## 42. gr.

*Hlutverk vörsluaðila.*

1. [*Sending afrita.*]  
Aðalframkvæmdastjórinn skal senda öllum ríkjum og milliríkjastofnunum, sem áttu fulltrúa á ráðstefnu stjórnarerindreka þar sem samningur þessi var samþykktur, og öðrum ríkjum eða milliríkjastofnunum, sem þess óska, staðfest afrit af samningi þessum.
2. [*Skráning.*]  
Aðalframkvæmdastjórinn skal láta skrá samning þennan á aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna.

**Ályktun um 5. mgr.  
14. gr.**

Ráðstefna stjórnarerindreka um endurskoðun alþjóðasamningsins um vernd nýrra yrkja, sem var haldin 4. til 19. mars 1991, beinir því til aðalframkvæmdastjóra UPOV, Alþjóðasamtaka um vernd nýrra yrkja, að hefja, þegar að ráðstefnunni lokinni, vinnu við gerð draga að stöðluðum leiðbeiningum sem skulu hljóta samþykki UPOV-ráðsins og fjalla um yrki sem eru komin í aðalatriðum af öðrum yrkjum.

**Tilmæli viðvíkjandi 2. mgr.  
15. gr.**

Ráðstefna stjórnarerindreka mælir með því að eigi verði lagður sá skilningur í ákvæðin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. alþjóðasamningsins um vernd nýrra yrkja frá 2. desember 1961, eins og honum var breytt í Genf 10. nóvember 1972, 23. október 1978 og 19. mars 1991, að þeim sé ætlað að skapa skilyrði til þess að rýmka þá framkvæmd, sem oftast er kölluð „sérrettindi bænda“, þannig að hún nái til geira innan landbúnaðar- og garðyrkjuframleiðslu þar sem slík sérrettindi eru ekki almennt við lýði á landsvæði hlutaðeigandi samningsaðila.

**Almenn yfirlýsing um  
34. gr.**

Ráðstefna stjórnarerindreka veitti athygli og féllst á yfirlýsingu dönsku sendinefndarinnar og yfirlýsingu hollensku sendinefndarinnar, en samkvæmt þeim mun samningurinn, sem ráðstefna stjórnarerindreka samþykkti, ekki koma til framkvæmda með sjálfvirkum hætti, jafnhliða fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild af hálfu Danmerkur eða Hollands, að því er Danmörku varðar, gagnvart Grænlandi og Færeyjum og, að því er Holland varðar, gagnvart Arúba og hollensku Antilla-eyjum. Fyrirnefndur samningur mun því aðeins gilda á fyrirnefndum landsvæðum ef og þegar Danmörk eða Holland, eftir atvikum, tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um það sérstaklega.

**INTERNATIONAL CONVENTION  
for the Protection of New Varieties of Plants**  
of December 2, 1961, as Revised at Geneva on November 10, 1972,  
on October 23, 1978, and on March 19, 1991

**Chapter I  
Definitions**

Article 1  
*Definitions*

For the purposes of this Act:

- i) „this Convention“ means the present (1991) Act of the International Convention for the Protection of New Varieties of Plants;
- ii) „Act of 1961/1972“ means the International Convention for the Protection of New Varieties of Plants of December 2, 1961, as amended by the Additional Act of November 10, 1972;
- iii) „Act of 1978“ means the Act of October 23, 1978, of the International Convention for the Protection of New Varieties of Plants;
- iv) „breeder“ means
  - the person who bred, or discovered and developed, a variety,
  - the person who is the employer of the aforementioned person or who has commissioned the latter's work, where the laws of the relevant Contracting Party so provide, or
  - the successor in title of the first or second aforementioned person, as the case may be;
- v) „breeder's right“ means the right of the breeder provided for in this Convention;
- vi) „variety“ means a plant grouping within a single botanical taxon of the lowest known rank, which grouping, irrespective of whether the conditions for the grant of a breeder's right are fully met, can be
  - defined by the expression of the characteristics resulting from a given genotype or combination of genotypes,
  - distinguished from any other plant grouping by the expression of at least one of the said characteristics and
  - considered as a unit with regard to its suitability for being propagated unchanged;
- vii) „Contracting Party“ means a State or an intergovernmental organization party to this Convention;
- viii) „territory,“ in relation to a Contracting Party, means, where the Contracting Party is a State, the territory of that State and, where the Contracting Party is an intergovernmental organization, the territory in which the constituting treaty of that intergovernmental organization applies;
- ix) „authority“ means the authority referred to in Article 30(1)(ii);
- x) „Union“ means the Union for the Protection of New Varieties of Plants founded by the Act of 1961 and further mentioned in the Act of 1972, the Act of 1978 and in this Convention;
- xi) „member of the Union“ means a State party to the Act of 1961/1972 or the Act of 1978, or a Contracting Party.

**Chapter II  
General Obligations of the Contracting Parties**

Article 2  
*Basic Obligation of the Contracting Parties*

Each Contracting Party shall grant and protect breeders' rights.



## Article 3

*Genera and Species to be Protected*(1) [*States already members of the Union*]

Each Contracting Party which is bound by the Act of 1961/1972 or the Act of 1978 shall apply the provisions of this Convention,

- i) at the date on which it becomes bound by this Convention, to all plant genera and species to which it applies, on the said date, the provisions of the Act of 1961/1972 or the Act of 1978 and,
- ii) at the latest by the expiration of a period of five years after the said date, to all plant genera and species.

(2) [*New members of the Union*]

Each Contracting Party which is not bound by the Act of 1961/1972 or the Act of 1978 shall apply the provisions of this Convention,

- i) at the date on which it becomes bound by this Convention, to at least 15 plant genera or species and,
- ii) at the latest by the expiration of a period of 10 years from the said date, to all plant genera and species.

## Article 4

*National Treatment*(1) [*Treatment*]

